

Ed.

955. Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um innlent lífsábyrgðarfjelag.

Við lífsábyrgð er áhættan mjög mismunandi, eigi að eins eftir aldri og kyni — sú áhætta jafnast upp við mismunandi iðgjöld — heldur og eftir mismunandi heilsufari, mismunandi atvinnu og fleiru, sem erfitt er eða ómögulegt að jafna upp með mismunandi iðgjöldum. Þar verður því eitt að jafna annað upp, en til þess er nauðsynlegt að fjöldi trygginganna sje mikill, en í voru fámenna landi er mjög tvísýnt, að sá fjöldi gæti orðið nægur. Enn fremur er þess að gæta að stjórn lífsábyrgðarfjelags er tiltölulega mikið dýrari en til dæmis stjórn brunabótarfjelags, því að í henni þurfa að vera menn, sem sjerstaka þekkingu hafa, og kostnaðurinn við stjórnina tekur upp miklu meiri hlut iðgjaldanna í fámennu fjelagi en fjölmennu. Þörfin fyrir að koma á innlendu lífsábyrgðarfjelagi er og miklu minni en t. d. innlendu brunabótarfjelagi, af því að lífsábyrgðir geta hjerlendir menn keypt í útlendum lífsábyrgðarfjelögum með sömu kostum sem þarlendir menn. Að iðgjöldin gangi við það út úr landinu er eigi neitt ísjárvert, ef það sem fyrir þau fæst, er meira vert og fæst eigi eins ódýrt á annan hátt.

Af þessum ástæðum er nefndin öll á einu máli um það, að eigi sje ástæða til að skora á stjórnina skilyrðislaust að leggja fyrir næsta reglulegt Alþingi lög um lands-lífsábyrgðarfjelag, og að því er slysa-ábyrgðarfjelag snertir, þá vanta allar upplýsingar um slysaþættu hjer á landi, og af fjárhagslegum ástæðum þykir

nefndinni ísjárvert að verja miklu fje til itarlegra rannsókna um þetta mál og leggur því til að málinu sje ráðið til lykta með svohljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í því trausti að stjórnin afli upplýsinga um málið og leggi þær fyrir næsta reglulegt Alþingi, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Til vara vill nefndin gera þá breytingartillögu við þingsályktunartillöguna, að fyrir orðin: »lög um landslífsábyrgðarfjelag og ef fært þykir« komi: ef fært þykir lög um landslífsábyrgðarfjelag og.

Efri deild Alþingis, 11. sept. 1915.

Kristinn Danielsson, Eiríkur Briem,
skrifari og framsm. form.

Jón Þorkelsson. Karl Finnbogason.

Guðm. Ólafsson.